

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1737/2005

2008/EES/68/32

frá 21. október 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1726/1999 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakostnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ⁽¹⁾, einkum ii- og iii-lið 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1726/1999 frá 27. júlí 1999 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til þess að skilgreina og senda upplýsingar um launakostnað ⁽²⁾ eru settar fram framkvæmdarráðstafanir varðandi skilgreiningu og sundurliðun upplýsinga, sem leggja þarf fram, og viðeigandi tæknilegt snið, sem skal nota við afhendingu niðurstaðnanna, eins og kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 530/1999.
- 2) Könnun á launakostnaði viðmiðunarárið 2000 var fyrsta könnunin sem byggð var á reglugerð (EB) nr. 1726/1999. Reynslan af þessari könnun hefur sýnt að gera þarf umbætur á ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1726/1999 til að samræma þau samsvarandi ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB)

nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til skilgreiningar og afhendingar upplýsinga um uppbyggingu launa ⁽³⁾ og til að bæta tengsl milli gagna úr mismunandi könnunum á launum og launakostnaði sem gerðar eru annað hvert ár.

- 3) Reglugerð (EB) nr. 1726/1999 skal því breytt til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukanna við reglugerð (EB) nr. 1726/1999 koma viðaukarnir við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6. Reglugerð inni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 3.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR BREYTUR

Hagskýrslur um uppbyggingu launakostnaðar

Tafla A — innlend gögn

Tafla B — innlend gögn eftir stærðarflokki fyrirtækis

Tafla C — svæðisgögn

Gefa þarf upp annaðhvort töflu A eingöngu eða allar þrjár töflurnar fyrir breyturnar sem skráðar eru hér á eftir. Skylduafhending er merkt með „m“ og valfrjáls afhending með „o“. Afhendingarkóðarnir, sem tilheyra mismunandi flokkum eiginlegra breyta eða stærðarflokkum meginlegra breyta, eru fastsettir í framkvæmdaskjali Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

Breyta	Eingöngu A	A-C (1)
A. Fjöldi launamanna		
A.1 Heildarfjöldi starfsmanna		m
A.11 Starfsmenn í fullu starfi (þó ekki nemar)		m
A.12 Starfsmenn í hlutastarfi (þó ekki nemar)		m
A.121 Starfsmenn í hlutastarfi, umreiknað í heil stöðugildi (þó ekki nemar)		m
A.13 Nemar		m
A.131 Nemar, umreiknað í heil stöðugildi		m
B. Raunverulega unnar vinnustundir		
B.1 Raunverulega unnar vinnustundir samtals		m
B.11 Raunverulega unnar vinnustundir starfsmanna í fullu starfi (þó ekki nema)		m
B.12 Raunverulega unnar vinnustundir starfsmanna í hlutastarfi (þó ekki nema)		m
B.13 Raunverulegar vinnustundir nema		m
C. Greiddar vinnustundir		
C.1 Greiddar vinnustundir samtals	m	
C.11 Greiddar vinnustundir starfsmanna í fullu starfi (þó ekki nema)	m	
C.12 Greiddar vinnustundir starfsmanna í hlutastarfi (þó ekki nema)	m	
C.13 Greiddar vinnustundir nema	m	
D. Launakostnaður (sjá nánar á 1. mynd hér á eftir)		
D.1 Laun og launatengd gjöld		m
D.11 Laun (sjá nánar á 2. mynd hér á eftir)		m
D.111 Launakostnaður (þó ekki vegna nema)		m
D.1111 Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur		m
D.11111 Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem greiddar eru á hverju launatímabili	m	
D.11112 Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem ekki eru greiddar á hverju launatímabili (2)	m	
D.1112 Greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna		m

Breyta		Eingöngu A	A-C (1)
D.1113	Greiðslur fyrir óunna daga		m
D.1114	Launagreiðslur í fríðu		m
D.11141	Framleiðsla fyrirtækis (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.11142	Húsnæði starfsmanna (2) (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.11143	Bifreiðar fyrirtækis (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.11144	Hlutabréfavalréttur og kaupréttaráætlun (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.11145	Annað (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.112	Launagreiðslur vegna nema		m
D.12	Framlög vinnuveitenda til félagslegra kerfa (<i>sjá nánar á 3. mynd hér á eftir</i>)		m
D.121	Raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (<i>þó ekki vegna nema</i>)		m
D.1211	Lögboðið framlag til almannatrygginga	m	
D.1212	Kjarasamningsbundin, samningsbundin og valfrjáls framlög til almannatrygginga	m	
D.122	Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (<i>þó ekki vegna nema</i>)		m
D.1221	Tryggðar launagreiðslur ef um veikindi er að ræða (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.1222	Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa vegna lífeyris og heilsugæslu (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.1223	Greiðslur til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.1224	Önnur reiknuð framlög vinnuveitenda til félagslegra kerfa (<i>valfrjálst</i>)	o	
D.123	Framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa vegna nema		m
D.2	Kostnaður við starfsmenntun		m
D.3	Annar kostnaður sem vinnuveitandi greiðir		m
D.4	Skattar		m
D.5	Styrkir sem vinnuveitandi fær		m
E.	Upplýsingar um einingar		
E.1	Starfsstöðvar, allar		m
E.2	Starfsstöðvar, úrtak		m

(1) Tafla C á aðeins við um lönd með svæði í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS 1).

(2) Greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna undanskildar.


(3) Flutningsstyrkur undanskilinn.

Valfrjálst er hvort aðildarríkin skrá ítarlegri gögn fyrir eftirfarandi breytur (aðeins send til Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat) samkvæmt beiðni):

A.11	Starfsmenn í fullu starfi
A.12	Starfsmenn í hlutastarfi
D.11112	Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem ekki eru greiddar á hverju launatímabili
D.1113	Greiðslur fyrir óunna daga
D.1211	Lögboðið framlag til almannatrygginga
D.1212	Kjarasamningsbundin, samningsbundin og valfrjáls framlög til almannatrygginga
D.1223	Greiðslur til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu

1. mynd


Launakostnaður og helstu þættir hans



x


2. mynd

Sundurlíðun á þættinum „Laun“ (D.11)



3. mynd

Sundurliðun á þættinum „Framlög vinnuveitenda til félagslegra kerfa“ (D.12)



II. VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á BREYTUM

A. FJÖLDI LAUNAMANNA

Launamenn eru allir einstaklingar, óháð þjóðerni eða lengd vinnutíma þeirra í landinu, sem hafa beinan ráðningarsamning við fyrirtæki eða starfsstöð (hvort sem samningurinn er formlegur eða óformlegur) og fá launagreiðslur, án tillits til þess hvers konar vinna er unnin, fjölda vinnustunda (hvort um er að ræða fullt starf eða hlutastarf) og tímabils samningsins (hvort sem hann er tímabundinn eða ótímabundinn). Launagreiðslur launamanna geta verið í formi launa ásamt kaupaukum, greiðslum fyrir ákvæðis- og vaktavinnu, aukagreiðslum, þóknunum, þjórffé og óreglulegum aukagreiðslum, umboðslaunum og launagreiðslum í fríðu.

Þessi skilgreining á launamönnum nær yfir verkamenn og annað starfsfólk og stjórnendur í opinbera geiranum og einkageiranum í atvinnustarfsemi sem flokkuð er í bála C-K og M-O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endursk. 1.1, í fyrirtækjum með minnst 10 starfsmenn⁽¹⁾.

Í eftirfarandi skrá eru skýringardæmi um flokka launamanna sem eru innifaldir:

- sölufulltrúar, svo fremi að þeir séu á launaskrá og fái annars konar launagreiðslur til viðbótar hvers kyns umboðslaunum,
- starfandi eigendur á launum,
- nemar,
- nemendur (starfsmemar á lögmannsstofum, hjúkrunarnemar, aðstoðarmenn við rannsóknir, aðstoðarkennarar, lækna-kandidatar o.s.frv.) sem hafa formlega skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til framleiðsluferlis einingarinnar gegn þóknun,
- afleysingamenn eða fólk í tímabundnu starfi (t.d. ritarar) sem er ráðið og er á launum hjá vinnumiðlunum til að vinna annars staðar, oft í takmarkaðan tíma⁽²⁾; launþegar í árstíðabundnum störfum og ihlaupastarfsmenn ef þeir eru með formlegan eða óformlegan samning við fyrirtækið eða starfsstöðina og fyrirfram ákveðinn vinnutíma,
- starfsmenn sem launakostnaður var af á viðmiðunarárinu en voru tímabundið frá vinnu vegna veikinda eða meiðsla, orlofs, verkfalls eða verkbanns, námsleyfis, fæðingarorlofs, minnkaðrar atvinnustarfsemi, vinnustöðvunar vegna veðurs, vélarbilana, skorts á hráefni, eldsneyti eða orku eða vegna annarrar tímabundinnar fjarveru, með eða án leyfis,
- þeir sem vinna erlendis ef þeir fá áfram launagreiðslur frá hagskýrslueiningunni,
- starfsmenn með vinnuádstöðu heima⁽³⁾, að meðtöldum starfsmönnum með vinnuádstöðu heima og í fjarvinnu, ef til er skýrt samkomulag um að slíkir starfsmenn fái greitt fyrir unnið verk: þ.e. vinnuna sem lögð er fram sem aðföng í framleiðsluferli. Undanskilja skal eftirfarandi flokka:
- sölufulltrúar og aðrir aðilar sem eru að öllu leyti launaðir með þóknunum eða umboðslaunum, eru ekki á launaskrá eða eru sjálfstæðir atvinnurekendur,
- eigendur eða stjórnendur sem eru að öllu leyti launaðir með hlutdeild í hagnaði,
- starfsmenn í sömu fjölskyldu sem eru ekki launamenn (samkvæmt skilgreiningu hér fyrir ofan) fyrirtækisins eða starfseiningarinnar,
- einyrkjar,
- ólaunaðir sjálfboðaliðar (þ.e. þeir sem vinna yfirleitt fyrir sjálfseignarstofnanir á borð við góðgerðastofnanir).

Tilvísun ESA '95: 11.12 til 11.14

⁽¹⁾ Valfrjálst er hvort þetta nær yfir bálk L í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endursk. 1.1. Einnig er valfrjálst hvort þetta nær yfir launamenn í fyrirtækjum með færri en 10 starfsmenn. Afhendingarkóðar fyrir atvinnustarfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endursk. 1.1, land eða svæði samkvæmt gildandi flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) og stærðarflokkar fyrirtækja eru fastsettir í framkvæmdaskjali Hagstofu Evrópubandalaganna.

⁽²⁾ Til að komast hjá tvítalningu skulu vinnustundir starfsmanna, sem eru ráðnir hjá vinnumiðlunum, tilheyra atvinnugrein viðkomandi vinnumiðlunar (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), endursk. 1.1, 74.50) en ekki atvinnugrein fyrirtækisins sem þeir vinna hjá í raun.

⁽³⁾ Starfsmaður með vinnuádstöðu heima er starfsmaður sem samþykkir að vinna fyrir tiltekið fyrirtæki eða sjá fyrirtækinu fyrir tilteknu magni vöru eða þjónustu samkvæmt samkomulagi eða samningi við viðkomandi fyrirtæki en hefur vinnustað utan fyrirtækisins (tilvísun í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Evrópubandalaginu: (ESA '95) g-lið 11.13). Raunvinnustundir starfsmanna með vinnuádstöðu heima geta verið áætlaðar.

A.1 *Heildarfjöldi starfsmanna*

Þessi breyta nær yfir starfsmenn í fullu starfi (A.11), starfsmenn í hlutastarfi (A.12) og nema (A.13)

Tilvísun í hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 16130 (fjöldi starfsmanna)A.11 *Starfsmenn í fullu starfi (þó ekki nemar)*

Til þessa flokks teljast starfsmenn (þó ekki nemar) sem vinna reglubundnar vinnustundir samkvæmt kjarasamningi eða venjulegan vinnutíma í fyrirtækinu eða starfsstöðinni jafnvel þótt samningur þeirra hljóði upp á skemmri tíma en eitt ár. Fjöldi starfsmanna, sem er krafist, er mánaðarlegur meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi sem ráðinn er hjá hagskýrslueiningunni á viðmiðunarárinu.

A.12 *Starfsmenn í hlutastarfi (þó ekki nemar)*

Til þessa flokks teljast starfsmenn (þó ekki nemar) sem vinna færri reglubundnar vinnustundir en samkvæmt kjarasamningi eða miðað við venjulegan vinnutíma í fyrirtækinu eða starfseiningunni, hvort heldur er daglega, vikulega eða mánaðarlega (hálfan daginn, þrjá fjórðu úr degi, fjóra fimmtu hluti úr degi o.s.frv.). Fjöldi starfsmanna, sem skal tilgreina, er mánaðarlegur meðalfjöldi starfsmanna í hlutastarfi sem ráðnir eru hjá hagskýrslueiningunni á viðmiðunarárinu.

A.121 *Starfsmenn í hlutastarfi, umreiknað í heil stöðugildi*

Annaðhvort skal fyrirtækið eða starfsstöðin sem svarar eða innheimtuþjónusta/hagstofa viðkomandi lands annast umreikninginn, á grundvelli venjulegs vinnutíma starfsmanna í fullu starfi í viðkomandi fyrirtæki/starfsstöð, með þeirri aðferð sem þær telja að henti best. Fjöldi starfsmanna, sem skal tilgreina, er mánaðarlegur meðalfjöldi starfsmanna í hlutastarfi (umreiknaður í heil störf) sem ráðinn er hjá hagskýrslueiningunni á viðmiðunarárinu.

Tilvísun ESA '95: 11.32 til 11.34A.13 *Nemar*

Til þessa flokks teljast allir starfsmenn, í fullu starfi eða hlutastarfi, sem taka ekki enná fullan þátt í framleiðsluferlinu og eru annaðhvort á námssamningi eða aðstæður eru þannig að meiri tími fer í starfsmenntun en framleiðni. Fjöldi nema, sem skal tilgreina, er mánaðarlegur meðalfjöldi sem ráðnir eru hjá hagskýrslueiningunni á viðmiðunarárinu.

A.131 *Nemar í hlutastarfi, umreiknað í heil stöðugildi*

Annaðhvort skal fyrirtækið eða starfsstöðin sem svarar, eða viðkomandi innheimtuþjónustur/hagstofur annast umreikninginn, með þeim aðferðum sem þær telja að eigi best við. Tíma, sem varið er við þjálfun annaðhvort í fyrirtækinu/starfsstöðinni eða í menntastofnunum, skal undanskilja. Fjöldi nema, sem skal tilgreina, er mánaðarlegur meðalfjöldi nema í hlutastarfi (umreiknað í heil störf) sem ráðnir eru hjá hagskýrslueiningunni á viðmiðunarárinu ⁽¹⁾.

Tilvísanir ESA '95: 11.32 til 11.34; hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 16140 (A.11 + A.121 + A.131 samsvara breytunni „fjöldi starfsmanna í heilum stöðugildum“ í hagskýrslum um skipulag fyrirtækja)

B. RAUNVERULEGA UNNAR VINNUSTUNDIR

Hagtölurnar ná yfir heildarfjölda vinnustunda allra starfsmanna á árinu. Heildarfjöldi raunverulega unninna vinnustunda er skráður sérstaklega fyrir starfsmenn í fullu starfi (B.11), starfsmenn í hlutastarfi (B.12) og nema (B.13).

Raunverulega unnar vinnustundir eru skilgreindar sem samtala allra tímabila sem varið er við beina og óbeina starfsemi við framleiðslu á vörum og þjónustu.

Til vinnustunda, sem eru raunverulega unnar, *teljast*:

- unnar stundir á venjulegum vinnutíma,
- tímabil greiddrar yfirvinnu, þ.e. vinnustundir til viðbótar við venjulegan vinnutíma, án tillits til tímakaups (þ.e.a.s. ein yfirvinnustund skal færð inn sem ein klukkustund),
- tímabil ógreiddrar yfirvinnu ⁽²⁾,
- tími sem fer í verk á borð við: undirbúning vinnu og vinnustaðar; undirbúning, viðhald, viðgerðir og þrif á verkfærum og vélum; gerð kvittana og reikninga; að fylla út vinnuseðla og skýrslur,

⁽¹⁾ Sé þess óskað má miða meðaltalið við vikulegan (eða daglegan) fjölda starfsmanna á viðmiðunarárinu. Einnig má senda inn meðaltal sem byggt er á ársfjórðungslegum tölum um starfsmenn.

⁽²⁾ Oft þarf að áætla ógreiddar vinnustundir sem hluta af „raunverulega unnum vinnustundum“, t.d. út frá könnunargögnum um heimili.

- tími sem varið er á vinnustað þegar vinna liggur niðri, t.d. vegna vélarstöðvunar, slysa eða tilfallandi verkefnaskorts, en greitt er fyrir samkvæmt starfssamningi,
- stuttur hvíldartími á vinnustað, þ.m.t. kaffitími,
- tími sem varið er við þjálfun í fyrirtækinu/starfsstöðinni eða í menntastofnunum (þessi liður er undanskilinn fyrir nema).

Undanskilið í raunverulega unnum vinnustundum eru hins vegar:

- greiddar en óunnar stundir, t.d.: launað orlof/frí, almennir frídagar, veikindaleyfi og fæðingarorlof,
- óunnar og ógreiddar stundir, t.d. vegna veikinda og barneigna,
- óunnar stundir (hvort sem greitt er fyrir þær eða ekki) í sérstökum leyfum vegna læknisrannsókna, brúðkaupa, jarðarfara, flutninga, í kjölfar slyss o.s.frv.,
- helstu matarhlé (þ.e. ekki stutt hvíld eða kaffitímar),
- óunnar stundir (greiddar eða ógreiddar) í skammtímaráðningum, vinnudeilum, verkbönum o.s.frv.,
- tími sem fer í ferðir á milli heimilis og vinnustaðar,
- stundir sem nemar verja við þjálfun í fyrirtækinu/starfsstöðinni eða í menntastofnunum.

Tilvísanir ESA '95: 11.26 til 11.29; hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 16150 (fjöldi vinnustunda launamenn)

C. GREIDDAR VINNUSTUNDIR

Þessi breyta tekur til heildarfjölda greiddra vinnustunda á árinu. Heildarfjöldi greiddra vinnustunda (C.1) er skráður sérstaklega fyrir starfsmenn í fullu starfi (C.11), starfsmenn í hlutastarfi (C.12) og nema (C.13).

Árlegur fjöldi greiddra vinnustunda er skilgreindur sem:

- dagvinnu- og yfirvinnustundir sem eru greiddar á árinu,
- vinnustundir sem eru greiddar starfsmönnum á lægri taxa, jafnvel þótt mismunurinn sé greiddur úr almannatryggingasjóði,
- óunnar vinnustundir á viðmiðunartímanum sem þó er greitt fyrir (árlegt orlof/frí, fjarvistir vegna veikinda, opinberir frídagar og aðrar greiddar stundir, þ.m.t. frí vegna læknisskoðana, barneigna, brúðkaupa, jarðarfara, búferlaflutninga o.s.frv.).

Útreikningur á raunverulega unnum vinnustundum árlega og greiddum vinnustundum árlega

Annaðhvort skulu fyrirtækin eða starfsstöðvarnar sem svara, eða viðkomandi innheimtuþjónustur/hagstofustofnanir, annast útreikningana með þeim aðferðum sem þær telja að eigi best við. Á eftirfarandi líkönum sést hvernig hægt er að áætla raunverulega unnar vinnustundir og greiddar vinnustundir með því að nota tiltækar upplýsingar.

Raunverulega unnar vinnustundir starfsmanna í fullu starfi árlega (B.11)

Gert er ráð fyrir að til séu upplýsingar fyrir breytur sem skráðar eru hér á eftir:

- (A.11) Meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi á mánuði
- a) Meðalfjöldi samningsbundinna dagvinnustunda á ári fyrir starfsmann í fullu starfi, án yfirvinnu og helstu matarhléa.
 - b) Meðalfjöldi yfirvinnustunda (greiddra og ógreiddra) starfsmanns í fullu starfi á ári
 - c) Meðalfjöldi samningsbundinna vinnustunda og yfirvinnustunda sem starfsmaður í fullu starfi vinnur á dag, án helstu matarhléa
 - d) Meðalfjöldi orlofsdaga/frídaga á ári sem vinnuveitandi veitir á hvern starfsmann í fullu starfi
 - e) Meðalfjöldi opinberra frídaga á ári á hvern starfsmann í fullu starfi
 - f) Meðalfjöldi veikindadaga og fæðingarorlofsdaga á ári á hvern starfsmann í fullu starfi

- g) Meðalfjöldi daga í skammtímaráðningum og vinnudeilum á ári á hvern starfsmann í fullu starfi
- h) Árlegur meðalfjöldi annarra daga sem ekki eru raunverulega unnir á hvern starfsmann í fullu starfi (t.d. sérstakt leyfi vegna læknisskoðana, barneigna, brúðkaupa, jarðarfara, búferlaflutninga eða í kjölfar slysa).

Árlegur heildarfjöldi unninna vinnustunda hjá starfsmönnum í fullu starfi (fyrir leiðréttingar vegna daga sem ekki er unnið í raun) telst vera $(A.11) \times (a + b)$. Ef árlegur fjöldi vinnustunda sem ekki er raunverulega unninn og skilgreindur er sem $(A.11) \times c \times (d + e + f + g + h)$ fæst (B.11) sem er heildarfjöldi raunverulega unninna vinnustunda starfsmanna í fullu starfi:

$$(B.11) = (A.11) \times [(a+b) - c(d + e + f + g + h)].$$

Árlegar raunverulega unnar vinnustundir fyrir starfsmenn í hlutastarfi (B.12) og fyrir nema (B.13)

Nota má sams konar líkön fyrir útreikning á unnum vinnustundum starfsmanna í hlutastarfi og nema.

Greiddar vinnustundir starfsmanna í fullu starfi árlega (C.11)

Ef til eru upplýsingar fyrir breyturnar sem skráðar eru hér á eftir

- (A.11) Meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi á mánuði
- (a1) Meðalfjöldi samningsbundinna greiddra vinnustunda á ári fyrir starfsmann í fullu starfi, án yfirvinnu og helstu matarhléa.
- (b1) Meðalfjöldi greiddra yfirvinnustunda á ári fyrir starfsmann í fullu starfi

heildarfjöldi greiddra vinnustunda á ári fyrir starfsmenn í fullu starfi er sýndur með jöfnunni

$$(C.11) = (A.11) \times (a1 + b1).$$

Árlegar greiddar vinnustundir fyrir starfsmenn í hlutastarfi (C.12) og fyrir nema (C.13)

Nota má sams konar líkön til að reikna greiddar vinnustundir fyrir starfsmenn í hlutastarfi og nema.

D. LAUNAKOSTNAÐUR

Með launakostnaði er átt við heildarútgjöld vinnuveitenda við ráðningu starfsmanna, hugtak sem hefur verið samþykkt með rammaákvæðum Bandalagsins og fylgir í meginráttum alþjóðlegri skilgreiningu sem fram kom á alþjóðlegri ráðstefnu tölfræðinga um launamál (Genf, 1966). Í launakostnaði felast laun og launatengd gjöld (D.1), þ.e. launagreiðslur í reidufé og í fríðu, framlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa; kostnaður við starfsmenntun (D.2), önnur útgjöld (D.3), starfstengdir skattar, sem teljast til launakostnaðar (D.4), fengnir styrkir frátaldir (D.5). Kostnaður vegna ráðningar starfsmanna framleigufyrirtækja tilheyrir atvinnugrein framleigufyrirtækisins sem ræður þá (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), endursk. 1.1, 74.50) en ekki atvinnugrein fyrirtækisins sem þeir vinna hjá í raun.

Á 1.–3. mynd í I. viðauka má sjá sundurliðun á heildarlaunakostnaði eftir þáttum.

D.1 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld eru skilgreind sem heildarlaun, í reidufé eða í fríðu, sem vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu þess síðarnefnda á viðmiðunartímabilinu. Þau eru sundurliðuð í:

- laun (D.11), sem eru aðallega launakostnaður (þó ekki vegna nema) (D.111) og launagreiðslur vegna nema (D.112),
- framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (D.12) sem eru aðallega raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (þó ekki vegna nema) (D.121); reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (þó ekki vegna nema) (D.122) og raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa vegna nema (D.123).

Tilvísanir ESA '95: 4.02 (kóði D.1), hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 13310 (starfsmannakostnaður)

D.11 Laun

Til launa teljast kaupaukar, greiðslur fyrir ákvæðis- og vaktavinnu, aukagreiðslur, þóknunir, þjófnefnd og óreglulegar aukagreiðslur, umbodslaun og launagreiðslur í fríðu. Þau eru skráð á því tímabili sem vinnan fer fram. En sérstaka kaupauka eða aðrar sérgreiðslur (þrettánda mánuðinn, afturvirkar launagreiðslur o.s.frv.) skal skrá þegar greitt er.

Á 2. mynd í I. viðauka er ítarleg sundurliðun á launum eftir þáttum.

Tilvísanir ESA '95: 4.03 til 4.07 og 4.12(a) (kóði D.11); hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 13320 (launakostnaður)

D.111 Launakostnaður (þó ekki vegna nema)

D.1111 Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur

Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur taka til virðis hvers konar framlags til almannatrygginga, tekjuskatts o.s.frv., sem starfsmanni ber að greiða, jafnvel þótt vinnuveitandi haldi þeim í raun eftir og greiði beint til almannatryggingakerfa, skattýfirvalda o.s.frv. fyrir hönd starfsmannsins.

Kaupauki er ein tegund viðurkenningar sem vinnuveitandi veitir. Þegar starfsmaður hlýtur kaupaukagreiðslu er ekki búist við eða ætlast til að hún verði notuð til að mæta tilteknum útgjöldum. Virði og tímasetning kaupauka getur verið samkvæmt ákvörðun vinnuveitanda eða vinnustaðasamningum.

Aukagreiðsla er greiðsla frá vinnuveitanda til starfsmanns sem ætluð er til að mæta tilteknum útgjöldum, sem tengjast ekki starfinu, sem falla á starfsmanninn. Oft er mælt fyrir um aukagreiðslu í vinnustaðasamningum og hún er oftast greidd þegar réttur myndast.

D.11111 *Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem greidd eru á hverju launatímabili*

Launagreiðslur, sem eru greiddar í reiðufé og greiddar reglulega fyrir hvert tímabil á árinu. Hjá flestum starfsmönnum er launatímabilið vika eða mánuður. Því skulu greiðslur, sem berast sjaldnar (mánaðarlega ef um er að ræða vikulegar greiðslur, ársfjórðungslega, tvisvar á ári, árlega) eða sérstakar greiðslur, ekki vera innifaldar hér. Greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna skulu undanskildar hér og vera innifaldar í D.1112.

Breytan vísar, nánar tiltekið, til:

- grunnlaunakostnaðar,
- beinna launagreiðslna sem eru reiknaðar á grundvelli vinnutíma, afraksturs eða ákvæðisvinnu og eru greiddar fyrir vinnustundir starfsmanna,
- launagreiðslna og viðbótargreiðslna vegna yfirvinnu, næturvinnu, helgarvinnu, vinnu á almennum frídögum og vaktavinnu,
- kaupauka og framfærslueyris sem greiddur er reglulega á hverju greiðslutímabili, t.d.:
- álagsgreiðslur vinnustaða vegna hávaða, áhættu, erfiðisvinnu, vakta eða samfelldrar vinnu, næturvinnu, helgarvinnu og vinnu á almennum frídögum,
- kaupaukar vegna afkasta einstaklinga, kaupaukar vegna afraksturs, framleiðslu, framleiðni, ábyrgðar, ástundunar, stundvísi, reglubundinna kaupauka vegna starfsaldurs; menntunar og hæfis og sérþekkingar.

Fleiri dæmi um launaliði sem á að taka með hér eru tilgreind í viðbæti við II. viðauka.

Breyta D.1111 vísar til brúttófjárhæða, áður en skattar og framlög til almannatrygginga, sem starfsmönnum ber að greiða, eru dregin frá.

D.11112 *Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem ekki eru greiddar á hverju launatímabili*

Allar greiðslur til starfsmanna sem ekki eru greiddar reglulega (vikulega eða mánaðarlega) á hverju launatímabili. Þar á meðal eru kaupaukar og aukagreiðslur sem greiddir eru á föstum tímum (t.d. mánaðarlega þegar reglubundnar greiðslur eru vikulega eða greiddir ársfjórðungslega, tvisvar á ári eða árlega) og kaupaukar sem tengjast einstaklings- eða hópafköstum. Sérgræiðslur til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu eru innifaldar hér svo framarlega sem greiðslurnar tengjast ekki almennum kjarasamningum. Ef engar upplýsingar um hugsanleg tengsl við kjarasamning eru fyrir hendi eða ef vitað er að slík tengsl eru fyrir hendi eru sérstakar greiðslur undanskildar hér og skulu innifaldar í D.1223. Greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna eru einnig undanskildar og innifaldar í D.1112.

Dæmi um launaliði sem heyra undir D.11112 eru skráð í viðbæti við II. viðauka.

Breyta D.11112 vísar einnig til brúttófjárhæða, áður en skattar og framlög til almannatrygginga, sem starfsmönnum ber að greiða, eru dregin frá.

D.1112 *Greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna*

Þetta vísar til fjárhæða sem eru greiddar í lífeyrissjóði starfsmanna (eins og lífeyrissjóði fyrirtækis).

Tilvísun ESA '95: 4.03(i)

D.1113 *Greiðslur fyrir óunna daga*

Launagreiðslur vegna veitts orlofs, hvort heldur er lögboðið, samningsbundið eða valfrjálst, og almennra frídaga eða annarra óunninna daga. Finna má dæmi í viðbætinum við II. viðauka.

D.1114 *Launagreiðslur í fríðu*

Þessi breyta vísar til mats á virði allrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki eða starfstöð lætur starfsmönnum í té. Þar á meðal eru vörur fyrirtækisins, húsnæði starfsmanna, fyrirtækisbilar, hlutabréfavalréttur og kaupréttaráætlanir. Ef upplýsingar eru tiltækar um tekjuskatt einstaklinga á launagreiðslur í fríðu er hægt að nota þær sem nálgun.

Dæmi um launagreiðslur í fríðu eru í viðbætinum við II. viðauka.

Tilvísun ESA '95: 4.04, 4.05, 4.06 (kóði D.11)D.11141 *Framleiðsla fyrirtækis*

Hún er afhent ókeypis til einkanota eða seld starfsmönnum undir kostnaðarverði. T.d. matur, drykkur (þó ekki útgjöld vegna mótuneyta og kaupa á matarmiðum), kol, gas, rafmagn, eldsneytisólía, hitun, skófatnaður og fatnaður (að frátöldum vinnufötum) og örtölvur.

Færa skal hrein útgjöld fyrirtækisins, þ.e.a.s. kostnaðarverð vara sem eru afhentar ókeypis eða mismuninn á kostnaðarverði varanna og söluverði þeirra til starfsmanna. Einnig þarf að færa bótagreiðslur eða bætur greiddar í fríðu sem ekki er búið að taka út.

D.11142 *Húsnæði starfsmanna*

Vísar til útgjalda fyrirtækis vegna húsnæðisaðstoðar við starfsmenn, þ.m.t. útgjöld vegna húsnæðis í eigu fyrirtækisins (útgjöld vegna viðhalds og umsjúlu á húsnæði og skattar og váttryggingar, sem tengjast þess háttar húsnæði), og lán með lágum vöxtum fyrir starfsmenn vegna bygginga eða kaupa á húsnæði (mismunurinn á vaxtagreiðslum á markaðsgengi og því gengi sem miðað er við), aukagreiðslur og styrkir til starfsmanna í tengslum við húsnæði þeirra og uppsetningu, en að undanskildum flutningsstyrk.

D.11143 *Bifreiðar fyrirtækis*

Bifreiðar fyrirtækis eða kostnaður fyrirtækis vegna bifreiða sem starfsmenn fá til eigin nota. Hreinn rekstrarkostnaður sem fyrirtækið hefur stofnað til skal vera innifalinn (árlegur leigukostnaður og vaxtagreiðslur – afskriftir, váttryggingar, viðhald, viðgerðir og bílastæði). Fjármunir vegna kaupa á bifreiðunum eða tekjur vegna endursölu þeirra er ekki innifalið.

Mat skal miðast við upplýsingar sem eru tiltækar í fyrirtækinu, t.d. skrár yfir bifreiðaflota af þeim toga, mat á meðalkostnaði á bifreið og mat á hlutfalli sem má rekja til einkanotkunar starfsmanns á bifreiðinni.

D.11144 *Hlutabréfavalréttur og kaupréttaráætlun*

Þessi valfrjálsa breyta vísar til hvers kyns greiðslna í fríðu sem tengjast launum sem byggð eru á hlutabréfum. Hlutabréfavalréttur, kaupréttaráætlun og aðrir eiginfjárgerningar, sem kunna að verða til í framtíðinni, eiga heima í þessum flokki. Dæmigert einkenni á slíkum gerningum er að þeir eru gerðir upp með eigin fé, þ.e. þeir eru yfirfærsla eiginfjárgerninga frá fyrirtækinu/starfsstöðinni til starfsmannsins. Launagreiðslurnar, sem fjallað er um í D.11144, eru þær sömu og fjallað er um undir fyrirsögninni „Eignarhlutatengd greiðslumiðlun sem gerð er upp með eigin fé“ í alþjóðlegum reikningsskilastaðli 2 (IFRS-staðli 2), „Eignarhlutatengdar greiðslur“.

Með kaupréttaráætlun eru hlutabréf yfirleitt flutt frá fyrirtæki vinnuveitanda til starfsmanna. Yfirfærslan á sér stað samtímis (samningsdagur) og er byggð á verði sem er undir markaðsverði dagsins („lausnarverð“). Kostnaður fyrirtækisins er jafn margfeldinu af fjölda hluta og mismuninum á markaðsverði og „lausnarverði“.

Vanalega færir hlutabréfavalréttur ekki rétt til þess að kaupa hluti í fyrirtæki vinnuveitandans fyrr en á tilteknum tíma í framtíðinni (á ávinnsludegi) á hagstæðu „lausnarverði“ sem er fest í nútímanum (á samningsdegi). Starfsmenn nýta þennan rétt aðeins ef markaðsverðið á eða eftir ávinnsludegi er hærra en „lausnarverð“. Aftur er kostnaður fyrirtækisins jafn margfeldinu af fjölda hluta og mismuninum á markaðsverði og lausnarverði. Bæði við hagskýrslugerð og reikningshald um launakostnað er kostnaðurinn færður á og dreift á „ávinnslutímabilið“ sem er tímabilið á milli samningsdagsins og ávinnslundagsins. Þessi gildi eru óviss á ávinnslutímanum og því þarf að áætla þau.

Best væri að meta breytuna D.11144 fyrir viðmiðunarárið með aðstoð leiðbeininga í IFSR-staðli 2, „Eignarhlutatengdar greiðslur“. Ef slíkt mat er ekki tiltækt er hægt að nota gildi samkvæmt reikningsskilastöðlum eða skattareglum aðildarríkisins, svo fremi að þær nái yfir eiginfjárgæringana í D.11144 og vísi til viðmiðunartímabils könnunar á launakostnaði.

Greiðslur til að koma á fót sérstökum sjóði fyrir starfsmenn til að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu, jafnvel þótt þeir hafi ekki beinan aðgang að þessum eignum, þarf að lækka um þá fjárhæð sem er undanþegin skatti. Eignarhlutatengdar launagreiðslur sem gerðar eru upp í reiðufé, s.s. réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum, falla ekki undir breytu D.11144 heldur D.11112.

D.11145 *Annað*

Þetta tekur einkum til óbeinna hlunninda sem vinnuveitandi greiðir:

- mótuneytis og matarmiða,
- menningar-, íþrótt- og tómstundaaðstöðu og þjónustu,
- leikskóla og dagheimila,
- verslana fyrir starfsmenn,
- ferðakostnaðar milli heimilis og venjulegs vinnustaðar,
- greiðslna í stéttarfélagssjóði og kostnaðar við starfsnefndir.

Öll slík útgjöld innihalda smáviðgerðir og reglubundið viðhald á byggingum og mannvirkjum sem ætluð eru fyrir félagslega og menningartengda þjónustu og afþreyingarþjónustu og -aðstöðu eins og lýst er hér að framan. Launagreiðslur, sem fyrirtækið greiðir beint til starfsmanna, sem vinna við þessa þjónustu og aðstöðu, eru ekki færðar undir breytunni D.11145.

D.112 *Launagreiðslur vegna nema*

Sjá D.11.

D.12 *Framlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa*

Þessi breyta vísar í fjárhæð sem er jafnhá og framlög til félagslegra kerfa sem vinnuveitendur greiða til þess að tryggja starfsmönnum sínum rétt á félagslegum bótum. Framlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa getur verið hvort sem er raungreiðslur eða reiknaðar greiðslur.

Á 3. mynd í I. viðauka er ítarleg sundurliðun á félagslegum framlögum eftir þáttum.

Tilvísanir ESA ‘95: 4.08 (kóði D.12), hagskýrslur um skipulag fyrirtækja: kóði 13330 (kostnaður vegna almannatrygginga)

D.121 *Raunframlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa (þó ekki vegna nema)*

Í þeim felast greiðslur vinnuveitanda til váttryggingafélaga í þágu starfsmanna (almannatryggingasjóða og einkasjóða, s.s. starfstengd lífeyriskerfi). Þessar greiðslur ná yfir lögboðin, hefðbundin, sammingsbundin og valfrjáls framlög vegna trygginga með tilliti til félagslegrar áhættu eða félagslegra þarfa. Raunframlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa eru skráð á það tímabil þegar verkið er unnið.

Dæmi eru í viðbætinum við II. viðauka.

Tilvísun ESA ‘95: 4.09 (kóði D.121) og b-liður 4.12

D.1211 *Lögboðið framlag til almannatrygginga*

Framlag, greitt almannatryggingastofnunum, sem vinnuveitanda ber að greiða samkvæmt lögum. Færa skal fjárhæðir þess háttar framlaga að fráregnum styrkjum ef einhverjir eru. Þar á meðal eru:

- framlög til tryggingakerfa vegna eftirlauna, veikinda, meðgöngu og fæðingar og fötlunar,
- lögboðin framlög til atvinnuleysistryggingakerfa,
- lögboðin framlög til tryggingakerfa vegna atvinnuslysa og -sjúkdóma,
- lögboðin framlög í fjölskyldugreiðslukerfi,
- öll önnur lögboðin framlög sem ekki eru talin annars staðar.

D.1212 Kjarasamningsbundin, lögbodin og valfrjáls framlög til almannatrygginga sem vinnuveitandi greiðir.

Þetta eru allt framlög sem vinnuveitandi greiðir til almannatryggingakerfa og eru til viðbótar við þau sem eru lögbundin. Taka skal til greina allar undanþágur frá skatti sem kunna að eiga við. Þar á meðal eru:

- viðbótarlífeyrissjóðir, starfstengd lífeyriskerfi (lífeyrissjóðir, sjálfstæðir sjóðir, bókfærðir varasjóðir, öll önnur útgjöld sem eiga að fjármagna viðbótarlífeyrissjóði),
- viðbótarsjúkratryggingar,
- viðbótaratvinnuleysistryggingar,
- öll önnur frjáls framlög sem ekki eru nefnd annars staðar.

D.1222 Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa (þó ekki vegna nema)

Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa er nauðsynlegt til að fá fullkomna mynd af launakostnaði á þeim tíma sem vinnan er unnin. Þetta er hliðstætt mælanlegum, félagslegum bótum sem ekki eru greiddar úr sjóðum.

Vinnuveitendur greiða félagslegar bætur, sem ekki eru greiddar úr sjóðum, beint til starfsmanna, eða fyrrum starfsmanna og annarra einstaklinga sem eiga rétt á slíku án þess að leita til almannatryggingasjóða, tryggingafélaga eða sjálfstæðra lífeyrissjóða og án þess að stofna sérstakan sjóð eða varasjóð í þessum tilgangi. Þess í stað eru bætur greiddar af eigin tekjum vinnuveitenda sem reka kerfi sem byggjast ekki á sjóðum. Enda þótt vinnuveitendur greiði tiltekna félagslegar bætur beint til starfsmanna sinna en ekki gegnum almannatryggingakerfið eða önnur tryggingafélög eru þær samt sem áður félagslegar bætur. D.122 getur einkum skipt máli þegar vinnuveitandinn er framleiðandi utan markaðar (hið opinbera).

Fjárhæð D.122 er ákvörðuð með hliðsjón af framtíðarskuldbindingum vinnuveitanda til að greiða félagslegar bætur. Besta heimild til útreikninga á D.122 fyrir vinnuveitendur, sem reka almannatryggingakerfi, sem byggist ekki á sjóðum, er mat sem byggt er á tryggingafræðilegum forsendum. Ef tryggingafræðilegt mat liggur ekki fyrir skal beita öðrum matsaðferðum. Við mat á D.122 eru í sumum löndum t.d. notaðar mælanlegar félagslegar bætur, sem greiddar eru án þess að sjóður komi við sögu, að frádregnum framlögum starfsmanna til félagslegra kerfa.

Breyta D.122 tekur einkum til reiknaðra félagslegra framlaga vinnuveitenda vegna lífeyrisgreiðslna og heilsugæslu. Hún tekur einnig til fjárhæðar sem er jafnhá launagreiðslum og vinnuveitendur halda áfram að greiða tímabundið þegar um er að ræða veikindi, meðgöngu og fæðingu, vinnuslys, fötlun, uppsagnir o.s.frv. hjá starfsmönnum þeirra, ef hægt er að halda fjárhæðinni aðgreindri.

Dæmi eru í viðbætinum við II. viðauka.

Tilvísun ESA '95: 4.10 (kóði D.122) og b-liður 4.12*D.1221 Tryggðar launagreiðslur ef um veikindi er að ræða*

Þessi breyta tekur til fjárhæða sem vinnuveitandi greiðir starfsmönnum beint, svo að þeir fái áfram launagreiðslur þegar þeir fara í veikindaleyfi, fæðingarorlof eða verða fyrir atvinnuslysum, til að bæta þeim upp tekjumissi, að frádregnum endurgreiðslum frá almannatryggingastofnunum.

D.1222 Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa vegna lífeyris og heilsugæslu

Þessi hluti af D.122 tekur til reiknaðra greiðslna í lífeyris- og heilsugæslukerfi utan sjóða, sér í lagi hjá hinu opinbera. Í sumum Evrópulöndum starfrækja vinnuveitendur í opinbera geiranum lífeyriskerfi sem byggjast ekki á sjóðum fyrir alla starfsmenn eða fyrir tiltekna hópa (embættismenn). Í þeim tilvikum stofna vinnuveitendur ekki sérstaka varasjóði eða safna eignum til að greiða lífeyri í framtíðinni. Taka verður reiknaðar greiðslur vinnuveitenda til lífeyris- og heilsugæslukerfa með í reikninginn vegna þessara starfsmanna.

D.1223 Greiðslur til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu

Undir þennan þátt heyrja raunfjárhæðir sem eru greiddar starfsmönnum sem sagt hefur verið upp: (greiðsla vegna samningsrofs og bætur vegna uppsagnar) ef þessar greiðslur tengjast kjarasamningum eða ef ekki er vitað um slík tengsl. Greiðslur sem ekki eru tengdar kjarasamningum eru innifaldar í D. 11112.

Ekki skal taka greiðslur til starfsmanna sem fara á eftirlaun, t.d. sem hluta af lífeyrisréttindum, með í D.1223.

D.1224 Önnur reiknuð framlög til félagslegra kerfa

Þessi liður vísar til allra annarra reiknaðra framlaga vinnuveitenda til félagslegra kerfa sem ótalin eru annars staðar, s.s. námsstyrkja til starfsmanna og fjölskyldna þeirra eða tryggðra launagreiðslna ef um skammtíamavinnu er að ræða. Hið síðarnefnda er skilgreint sem beinar greiðslur vinnuveitanda til starfsmanna svo að þeir fái áfram launagreiðslur ef um skammtíamavinnu er að ræða, að frádregnum endurgreiðslum frá almannatryggingastofnunum.

D.123 Framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa vegna nema

Þessi breyta er samtala framlaga sem greidd eru í reynd og hvers kyns reiknaðra framlaga vegna nema. Reiknuð framlög vegna nema, ef einhver eru, eru yfirleitt mjög lítil.

Tilvísun ESA '95: 4.09 (kóði D.121), 4.10 (kóði D.122) og b-liður 4.12**D.2 Kostnaður við starfsmenntun sem vinnuveitandi greiðir**

Þar á meðal: útgjöld vegna þjónustu og aðstöðu vegna starfsmenntunar (einnig vegna nema en ekki laun þeirra), smáviðgerðir og viðhald á byggingum og mannvirkjum, að frátöldum kostnaði vegna starfsmanna, útgjöldum vegna þátttöku í námskeiðum, þóknun til leiðbeinenda utan fyrirtækisins; útgjöld vegna kennslugagna og áhaldna sem notuð eru við þjálfun, fjárhæðir sem fyrirtækið greiðir starfsmenntunarstofnunum o.s.frv. Styrkir, sem tengjast starfsmenntun, skulu frádregnir.

Tilvísun ESA '95: Aðfanganotkun**D.3 Annar kostnaður sem vinnuveitandi greiðir**

Í þessu felst einkum:

- ráðningarkostnaður (fjárhæðir sem greiddar eru ráðningarskrifstofum, útgjöld vegna atvinnuauklýsinga, ferðakostnaður sem greiddur er umsækjendum sem kallaðir eru í viðtöl, flutningsstyrkir til nýráðinna starfsmanna o.s.frv. Þetta felur ekki í sér rekstrarkostnað (skrifstofukostnað, laun starfsmanna o.s.frv.),
- vinnufatnaður sem vinnuveitandi leggur til.

Finna má dæmi í viðbætinum við II. viðauka.

Tilvísun ESA '95: Aðfanganotkun**D.4 Skattar sem vinnuveitandi greiðir**

Þessi breyta nær yfir alla skatta sem byggjast á greiddum launum eða á ráðningum. Þessir skattar teljast vera launakostnaður.

Breyta D.4 nær einnig yfir refsiskatta, sem vinnuveitendur í sumum Evrópulöndum verða að greiða ef þeir ráða of fáa fatlaða einstaklinga, og svipaða skatta eða gjöld.

Tilvísun ESA '95: c-liður 4.23 (kóði D.29)**D.5 Styrkir sem vinnuveitandi fær**

Þetta eru allar fjárhæðir sem tekið er við í formi almennra styrkja sem ætlaðir eru til að endurgreiða kostnað við beinar launagreiðslur, að hluta til eða í heild, en er ekki ætlað að ná yfir kostnað við almannatryggingar eða starfsmenntun. Hér eru ekki innifaldar endurgreiðslur til vinnuveitanda frá almannatryggingastofnunum eða viðbótartryggingasjóðum.

Tilvísun ESA '95: a-liður 4.37 (kóði D.39)

Viðbætur við II. viðauka

Skýringardæmi um flokkun á tilteknum launakostnaðarliðum

D.11111: Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem greidd eru á hverju launatímabili

(sjá einnig ESA '95, (a-c-lið, e-, g- og k-lið 4.03, kóði D.11)

Greiðslur, sem heyra undir launakostnaðarlið D.11111, einkennast af eftirfarandi:

Þær eru: peningagreiðslur vinnuveitanda til starfsmanns.**Þær eru ekki:**

- greiddar sérstaklega eða sjaldnar en reglulegar launagreiðslur (þær heyra undir D.11112)
- greiðslur í fríðu (þær heyra undir D.11114)
- greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna (þær heyra undir D.11112)
- greiðslur sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil sem ekki er unnið (þær heyra undir D.11113 eða, ef um er að ræða veikindi, D.1221).

Þær geta:

- verið kaupaukar sem greiddir eru vegna áhættu í starfi eða vaktavinnu
- verið greiddar vikulega eða mánaðarlega eftir því hvert venjulega launatímabilið er
- endurspeglad afköst starfsmanns eða hóps starfsmanna

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.11111

Liður	Lýsing
Utanlandsstyrkur/framfærslustyrkur	Greiðslur til starfsmanna sem vinna utan síns upprunals eða búsetulands eða síns lögheimilis til að mæta mismunandi framfærslukostnaði.
Heimilisstyrkur	Greiðslur til lækkunar á gistikostnaði
Bakvaktagreiðslur	Greiðslur til starfsmanna sem þurfa að vera tilbúnir að vinna utan venjulegs vinnutíma
Viðbótargreiðsla fyrir áhættu eða hættu	Kaupauki sem greiddur er starfsmönnum ef sérstök hættu tengist starfinu, t.d. hættuleg efni.
Aukagreiðsla vegna skerts vinnutíma	Aukagreiðsla (ekki tryggð) til að bæta starfsmönnum skerðingu venjulegs vinnutíma að hluta til eða í heild. (Tryggðar greiðslur heyra undir D.1224)
Sölulaun	Kaupauki sem tengist fjölda seldra vara
Yfirvinnukaup	Aukagreiðsla fyrir unnar vinnustundir utan venjulegs vinnutíma
Kýrretningargreiðsla	Reglubundnar greiðslur til að hvetja eða skuldbinda núverandi starfsmenn til að fara ekki frá vinnuveitanda
Árangurstengd greiðsla	Kaupauki sem fer eftir fjölda vara sem starfsmaðurinn vinnur, t.d. hversu margar flikur hann saumar
Vaktavinnukaup	Kaupauki fyrir vinnu á óhefðbundnum tíma, t.d. að næturlagi

D.11112: Beinar launagreiðslur, kaupaukar og aukagreiðslur sem ekki eru greiddar á hverju launatímabili

(sjá einnig ESA '95, f-, h- og j-lið 4.03, kóði D.11)

Greiðslur sem heyra undir launakostnaðarlið D.11112 einkennast af eftirfarandi:

Þær eru: peningagreiðslur vinnuveitanda til starfsmanns.**Þær eru ekki:**

- greiddar á hverju launatímabili (þær greiðslur gætu heyrt undir D.11111)
- greiðslur í fríðu (þær heyra undir D.1114)
- greiðslur í lífeyrissjóði starfsmanna (þær heyra undir D.1112)
- greiðslur sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil sem ekki er unnið (þær heyra undir D.1113 eða, ef um er að ræða veikindi, D.1221).

Þær geta:

- verið greiðslur vegna tiltekins kostnaðar eða útgjalda
- endurspeglað afköst starfsmanns eða hóps starfsmanna
- verið skyldugreiðsla sem mælt er fyrir um í ráðningarsamningi eða kjarasamningi
- verið greiðsla að eigin ákvörðun
- verið greiddar á mismunandi eða tilteknum tíma á árinu

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.11112

Liður	Lýsing
Verðlaun fyrir einstaklega háan starfsaldur	Eingreiðsla þegar starfsmaður hefur unnið tiltekinn árafjölda hjá vinnuveitanda
Kaupuki við starfslok eða eftirlaun	Greiðslur þegar hætt er í starfi eða farið á eftirlaun, sem tengjast ekki lífeyrisréttindum, ef þessar greiðslur tengjast ekki kjarasamningum. (Annars, eða ef engar upplýsingar eru til um hugsanleg tengsl við kjarasamning, heyra þessar greiðslur undir D.1223)
Starfslokagreiðslur	Sérstakar greiðslur til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu ef þessar greiðslur tengjast ekki kjarasamningi. (Annars, eða ef engar upplýsingar eru til um hugsanleg tengsl, heyra sérstakar greiðslur undir D.1223)
Ráðningarbónus	Eingreiðsla sem greidd er nýjum starfsmanni við upphaf ráðningar
Afturvirkar launagreiðslur	Greiðslur með afturvirk áhrif vegna hækkana á beinum launagreiðslum
Kaupuki vegna samruna fyrirtækja	Eingreiðslur til starfsmanna í kjölfar samruna fyrirtækja
Viðurkenningar til starfsmanna	Sérstakar greiðslur sem vinnuveitandi veitir í viðurkenningarskyni til einstaklinga eða hópa starfsmanna

Liður	Lýsing
Kaupaukar vegna framleiðni/fyrir að ná afkastamarkmiðum	Greiðslur þegar starfsmaður eða hópur starfsmanna nær fyrir fram settum markmiðum, t.d. um sölu, þjónustu við viðskiptavini eða fjárhagsáætlanir
Sérstakur hátíðakaupauki	Greiddur á tilteknum hátíðum, t.d. jólum
Hlutdeild í hagnaði fyrirtækis og réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum	Peningagreiðslur sem tengjast hagnaði fyrirtækisins. Réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum eru ein tegund hlutdeildar í hagnaði fyrirtækis þar sem starfsmaður öðlast réttindi til framvirkrar peningagreiðslu sem byggist á hækkunum á hlutafjórvið fyrirtækisins miðað við tiltekið verð á tilteknu tímabili. Réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum skulu metin á og vísa til þess tíma er peningagreiðslan fer fram, óháð virðinu á samningsdegi eða lengd ávinnslutímabilsins.
Ársfjórðungslegur kaupauki fyrirtækis	Greiddur ársfjórðungslega og byggist á hagnaði eða afkomu vinnuveitanda (launatímabilið telst ekki vera hver ársfjórðungur)
13. eða 14. mánuður	Árlegar aukagreiðslur
Árlegur kaupauki	Greiddur einu sinni á ári og fer eftir hagnaði eða afkomu vinnuveitanda

D.1113: Greiðslur fyrir óunna daga**Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.1113**

Liður	Lýsing
Launaðir frídagar	Greiðslur til starfsmanna vegna daga sem ekki eru unnir vegna árlegra, landsbundinna eða staðbundinna frídaga. (Farið er með greiðslur frá vinnuveitanda að því er varðar fjarvistir starfsmanna vegna veikinda eða fæðingarorlofs sem framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa undir D.1221)
Sérstakir frídagar	Greiðslur til starfsmanna vegna daga sem ekki eru unnir af sérstökum persónulegum ástæðum, t.d. brúðkaups, andláts í fjölskyldunni, vinnu fyrir verkalýðsfélög, herþjónustu eða setu í kviðdómi. (Farið er með greiðslur frá vinnuveitanda að því er varðar fjarvistir starfsmanna vegna veikinda eða fæðingarorlofs sem framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa undir D.1221)

D.1114: Launagreiðslur í fríðu og þættir þeirra

(Sjá ESA '95, 4.04, 4.05, 4.06 (kóði D.11))

Dæmi: Launagreiðslur sem falla undir breytuna D.1114

Liður	Lýsing	Nánari sundurliðun
Afsláttur af vörum	Vinnuveitandi selur starfsmönnum vörur á lækkuðu verði. Tekjur í fríðu eru jafnar mismuninum á markaðsverði og lækkaða verðinu.	D.11141
Ókeypis eða niðurgreitt húsnæði	Vinnuveitandi greiðir fyrir húsnæði starfsmanns að fullu eða að hluta. Tekjur í fríðu eru reiknaðar með samanburði við markaðsverð.	D.11142
Notkun bifreiðar í eigu vinnuveitanda	Vinnuveitandi tekur á sig rekstrarkostnað bifreiðar sinnar sem starfsmaður hefur til umráða á vegum fyrirtækisins og til einkanota. (Tekjur í fríðu eru verðmæti einkanotkunar bifreiðarinnar.)	D.11143

Liður	Lýsing	Nánari sundurliðun
Ókeypis eða niðurgreitt eldsneyti	Vinnuveitandi greiðir kostnað starfsmanns af eldsneyti til einkanota í tengslum við afnot af bifreið í eigu vinnuveitanda að hluta til eða í heild. Tekjur í fríðu eru jafnar peningalegu verðmæti þessara hlunninda	D.11143
Kaupréttaráætlun	Eignarhlutatengdar greiðslur í fríðu þar sem starfsmenn fá hlutabréf sem hluta af launakjörum sínum. Starfsmaðurinn fær hlutina án tafar á verði sem er undir markaðsverði (réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum eru eignarhlutatengd laun sem greidd eru í peningum og skulu falla undir D.11112)	D.11144
Hlutabréfavalréttur	Eignarhlutatengdar greiðslur í fríðu þar sem starfsmenn fá hlutabréf sem hluta af launakjörum sínum. Starfsmaðurinn fær rétt til þess að kaupa hlutabréf á tilteknum tíma í framtíðinni á verði sem er þegar fest í nútíðinni (réttindi tengd virðishækkun á hlutabréfum eru eignarhlutatengd laun sem greidd eru í peningum og skulu falla undir D.11112)	D.11144
Ókeypis eða niðurgreidd bílastæði í vinnu	Vinnuveitandi sér starfsmönnum fyrir bílastæði á lækkuðu verði eða ókeypis. Tekjur í fríðu eru jafnar peningalegu verðmæti þessara hlunninda	D.11145
Ókeypis eða niðurgreidd afnot af farsíma	Vinnuveitandi leggur til farsíma til afnota í vinnu og til einkanota og greiðir allan tengdan kostnað. Tekjurnar samsvara peningalegu verðmæti þessara hlunninda	D.11145
Ókeypis eða niðurgreiddar ferðir til og frá vinnustað	Ferðakostnaður starfsmanna til og frá vinnustað er greiddur að hluta til eða í heild. Tekjur í fríðu eru jafnar peningalegu verðmæti eins og að framan	D.11145
Ókeypis eða niðurgreiddar máltíðir	Vinnuveitandi sér starfsmanni fyrir máltíðum á lækkuðu verði eða ókeypis. Tekjur í fríðu eru jafnar peningalegu verðmæti eins og að framan	D.11145

D.121: Raunframlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa

(sjá ESA '95, 4.08 (kóði D.121) og b-liður 4.12)

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.121

Liður	Lýsing	Nánari sundurliðun
Greiðslur vinnuveitenda í tryggingakerfi vegna fötlunar	Reglubundnar greiðslur vinnuveitandans í tryggingakerfið	D.1211
Lögbundið framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóði	Vinnuveitandinn greiðir á starfstímanum í lífeyriskerfi sem tengist almannatryggingasjóði, váttryggingafélagi eða sjálfstæðum lífeyrissjóði	D.1211
Aukið framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóði	Vinnuveitandi greiðir viðbótarframlag í lífeyriskerfi starfsmanna	D.1212

D.122: Reiknað framlag vinnuveitenda til félagslegra kerfa

(sjá ESA '95, 4.10 (kóði D.122) og c-liður 4.12)

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.122

Liður	Lýsing	Nánari sundurliðun
Greiðslur í fæðingarorlofi	Vinnuveitandi greiðir beint til starfsmanna fyrir tekjutap á meðgöngu og í fæðingarorlofi	D.1221
Reiknuð framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa vegna lífeyris opinberra starfsmanna	Vinnuveitandi greiðir ekki í lífeyrissjóð á ráðningartíma starfsmanns. Lífeyrir er greiddur síðar af eigin tekjum vinnuveitanda	D.1222
Greiðslur í sjóði fyrir starfsmenn í hlutastarfi sem fara snemma á eftirlaun	Viðbótargreiðslur vinnuveitanda í sjóði fyrir starfsmenn í hlutastarfi sem fara snemma á eftirlaun	D.1222
Biðlaun samkvæmt kjarasamningi	Vinnuveitandi greiðir beint til starfsmanna sem hætta hjá fyrirtækinu	D.1223
Námsstyrkir	Vinnuveitandi greiðir að hluta til eða í heild kostnað vegna þjálfunar sem tengist ekki vinnu og fer fram utan fyrirtækisins	D.1224
Styrkur vegna brúðkaups eða barneigna	Greiðslur til starfsmanns í kjölfar viðburðarins	D.1224
Ókeypis eða niðurgreidd menntun barna	Kennslugjöld fyrir börn starfsmanna eru greidd að hluta til eða í heild	D.1224
Aukagreiðsla vegna skerts vinnutíma	Tryggð greiðsla til að bæta starfsmönnum skerðingu venjulegs vinnutíma að hluta til eða í heild. (Viðbótargreiðslur, sem greiddar eru á hverju launátímabili, heyrar undir D.11111)	D.1224

D.2: Kostnaður við starfsmenntun sem vinnuveitandi greiðir

(sjá ESA '95, aðfanganotkun)

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.2

Liður	Lýsing
Þóknun til leiðbeinenda utan fyrirtækisins	Kostnaður við starfsmenntun starfsmanna, t.d. námstefnur innanhúss (styrkir, ef einhverjir eru, heyrar undir D.5 og skulu undanskildir)
Útgjöld vegna kennslugagna	Kostnaður við starfsmenntun, t.d. rafræn námskeið á innra neti sem þróuð eru hjá sérhæfðum fyrirtækjum (styrkir, ef einhverjir eru, heyrar undir D.5 og skulu undanskildir)

D.3: Önnur útgjöld vinnuveitanda

(sjá ESA '95, aðfanganotkun)

Dæmi: Greiðslur sem falla undir breytuna D.3

Liður	Lýsing
Fatastyrkur	Greiddur vegna starfa þar sem krafist er sérstaks klæðnaðar, t.d. í hlífðarskyni eða vegna framkomu og sem ekki er ætlaður til einkanota
Kostnaður við nýráðningar	Kostnaður af ráðningarskrifstofu eða atvinnuauklýsingum
Flutningsstyrkir	Greiddur þegar ætlast er til þess að starfsmaður skipti um búsetustað

III. VIÐAUKI

AFHENDING GAGNA, Þ.M.T. SUNDURLIÐUN EFTIR ATVINNUSTARFSEMI, STÆRÐARFLOKKI FYRIRTÆKIS OG LANDI EÐA SVÆÐI

Senda skal þrjár skrár sem samsvara töflum A, B og C.

- Í töflu A eru landsgögn (ein færsla fyrir hverja atvinnustarfsemi eftir bálkum og deildum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, endursk. 1.1)
- Í töflu B eru landsgögn eftir stærðarflokkum (ein færsla fyrir hverja atvinnustarfsemi eftir bálkum og deildum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, endursk. 1.1, fyrir hvern stærðarflokk)
- Í töflu C eru landsgögn á flokkunarstigi hagskýrslusvæða 1 (NUTS 1) (ein færsla fyrir hverja atvinnustarfsemi eftir bálkum og deildum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, endursk. 1.1, fyrir hvert svæði)

Tafla C er ekki nauðsynleg í löndum þar sem flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS 1) samsvarar landsstigi. Að því er varðar undirmengi breyta, sem eru taldar upp í I, viðauka, er aðeins krafist töflu A. Þessar breytur eru merktar í I. viðauka.

Auðkenning færslu

Færslunum er raðað eftir auðkennisrunu með eftirtöldum atriðum:

- könnunarári,
- tegund töflu,
- lands- eða svæðiskóða,
- atvinnustarfsemi,
- stærðarflokki. Afhendingarkóðarnir fyrir
- atvinnustarfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endursk. 1.1,
- stærðarflokka fyrirtækja og
- lönd eða svæði

eru fastsettir í framkvæmdaskjali hagstofu Evrópubandalaganna.

Trúnaðarmerki

Einstakar færslur, sem sendar eru fyrir töflur A, B og C, mynda uppreiknuð gögn. Þ.e. mat á þýðum. Þegar slíkt er alveg nauðsynlegt má merkja einstakar færslur sem „trúnaðarmál“. Trúnaðarrestur getur orðið í töflum A, B og C ef fjöldi fyrirtækja eða starfsstöðva í þýðinu er mjög lítill í einstakri færslu sem tengist tiltekinni atvinnustarfsemi, stærðarflokki eða svæði. Áhættan er greinilega meiri þegar einstaka færslur tengjast einni eða tveimur stórum einingum. Á sama hátt getur áhætta að því er varðar trúnað verið meiri í töflum B og C vegna viðbótarsundurlíðunar eftir stærð og svæðum. Nota skal tvo kóða til að auðkenna trúnaðarfærslur:

„1“: ef gögn í einstakri færslu í töflu A, B eða C eru trúnaðarmál ;

„“: ef gögnin eru ekki trúnaðarmál skal setja inn stafbil „“ (ekki núll eða bandstrik „—“).

(¹) Þegar einstaka færslur er merktar sem trúnaðarmál gripur Hagstofa Evrópubandalaganna til viðeigandi ráðstafana til að vernda trúnað gagna sem send eru í töflum A, B og C.

Breytur

Breyturnar, sem farið er fram á, eru skilgreindar í I. viðauka. Færa skal tölur án bila, punkta eða komma (t.d. er 13967 rétt en eftirfarandi rangt: 13 967 og 13.967 og 13,967).

Breytur sem vantar (eða jafngilda núlli) skal kóða samkvæmt eftirfarandi reglum:

„NA“ þegar breytan er ekki tiltæk (jafnvel þó hún sé örugglega til og sé hærri en núll).

„OPT“ þegar breytan er valkvæð og ekki tilgreind

„0“ fyrir núllgildi eða fyrir breytur sem ekki eru til í viðkomandi landi.

Breytur fyrir fjölda starfsmanna, vinnutíma og fjölda hagskýrslueininga skal færa sem raungildi, þ.e. með því að skrifa tölurnar í heild (ekki í tugabrotum, tugum, þúsundum, milljónum o.s.frv.).

Breytur sem tengjast útgjöldum skal tilgreina í gjaldmiðli viðkomandi lands. Í löndum á evrusvæðinu skal tilgreina tölurnar í evrum. Einingarnar sem notaðar eru í hverju landi fyrir sig skulu vera þær sömu í öllum breytum og skulu færðar sem raungildi, þ.e. með því að skrifa tölurnar í heild (ekki í tugabrotum eða í tugum, þúsundum, milljónum o.s.frv.).

Afhending

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) gögnin og lýsigögnin sem krafist er með þessari reglugerð á rafrænu sniði sem samræmist staðli um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópubandalaganna leggur fram. Hagstofa Evrópubandalaganna lætur í té ítarleg upplýsingaskjöl um samþykktu staðla og lætur í té leiðbeiningar um hvernig eigi að fylgja þessum stöðlum í samræmi við kröfur í þessari reglugerð.
